

Ed.

377. Breytingartillögur

[152. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 19. nóv. 1953, um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

I. 1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna breytist þannig:

1. A-liður orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 40000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.

2. Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í c-lið komi: í öllum 12 flokkum.

II. Aftan við 2. gr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 97 12. des. 1945, l. nr. 93 27. nóv. 1951 og l. nr. 68 19. nóv. 1953, öll um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

III. Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.